

Nð.

78. Frumvarp til laga

[72. mál]

um breyting á lögum nr. 84/1970, um Háskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973.)

1. gr.

3. gr., 1. mgr., orðist svo:

Rektor er kjörinn til þriggja ára í senn og eru prófessorar einir kjörgengir. Atkvæðisrétt eiga prófessorar og aðrir þeir, sem fastráðnir eru til fulls kennslustarfs. Þá eiga atkvæðisrétt fulltrúar stúdenta í háskólaráði og tveir fulltrúar stúdenta á fundum háskóladeilda og námsbrautar í almennum þjóðfélagsfræðum, svo og formaður og varaformaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni háskólaráðs í samræmi við samþykkt þess á fundi 18. október 1973. Frumvarpinu fylgdi frá háskólanum svofelld greinargerð:

„Þegar stúdentar fengu aðild að rektorskjöri 1969, varð hlutur þeirra um 16% atkvæða við rektorskjör. Fjölgun fastra kennara síðan veldur því, að samkvæmt núgildandi reglum hefur hlutdeild stúdenta lækkað í tæp 10%. Ofangreind tillaga um breytingu á 1. mgr. 3. gr. laga nr. 84/1970 veldur því, að stúdentar fá að nýju sama hlutfall atkvæða við rektorskjör sem í upphafi.“

Verði frumvarpið samþykkt, er að því stefnt, að sú tilhögun, sem það gerir ráð fyrir, geti komið til framkvæmda við það rektorskjör, sem nú stendur fyrir dyrum í Háskóla Íslands.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Svo sem rakið var hér að framan felur greinin í sér breyting á aðild stúdenta að kosningu háskólarektors. Í gildandi lögum er kveðið á um, að atkvæðisrétt við rektorskjör eigi fulltrúar stúdenta í háskólaráði, en þeir eru tveir, svo og annar af tveimur fulltrúum stúdenta á fundum háskóladeilda eftir ákvörðun aðalfunda í viðkomandi deildarfélagi og loks formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands. Samkvæmt frumvarpinu fá báðir stúdentafulltrúarnir á fundum hveirrar deildar atkvæðisrétt við rektorskjör, svo og til viðbótar varaformaður stúdentaráðs. Um námsbraut í almennum þjóðfélagsfræðum fer í þessum efnum með sama hætti og háskóladeildir, sbr. 43. gr. laga nr. 112/1970, um breyting á lögum nr. 84/1970, um Háskóla Íslands.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringar.